**Ed.** **497. Breytingartillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1931.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 2. gr. 17. (Verðtollur).
Fyrir „1700000“ kemur .......................... 1760000

II. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 12. gr. 10. Nýr liður:
Styrkur til Þóru Havsteen, til þess að setja á stofn nudd- og gigtlækningastofu á Akureyri .................. 5000

III. Frá *Jóni Jónssyni.*
Við 13. gr. B. XV. (Styrkur til að reisa gistihús á Húsafelli).
Liðurinn fellur niður.

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. F. V. 16. (Afb. og vextir af láni til L. M. Ericsson o. fl.).
Liðinn skal orða svo: Afborgun og vextir af láni frá L. M. Ericsson o. fl.

V. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 13. gr. F. V. 17. b. (Launauppbót símritara).
Liðinn skal orða svo:
Símritara og fl. .................................. 14000
Hækkun launa á þessum lið skiptist milli allra hlutaðeigandi starfsmanna, hvort sem þeir eru skipaðir eða settir.

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 13. gr. G. I. („Afborgun og vextir af láni til Marconifélagsins í London").
Orðist svo: Afborgun og vextir af láni frá Marconifélaginu í London.

VII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason.*
Við 14. gr. B. II. b. Nýr liður:
Til Jónu Guðbjartsdóttur, til framhaldsnáms í bókverzlunarfræði erlendis .................................. 2000
*Til vara* .................................. 1800

VIII. Frá *Halldóri Steinssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Gunnars Bjarnasonar, til þess að ljúka námi í vélaverkfræði i Mittweida i Þýzkalandi .................................. 900

IX. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. II. c. Nýr liður:
Til Kristins Björnssonar læknis, til þess að ljúka skurðlækninganámi í Paris .................................. 3000

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 14. gr. B. III. b. 4. (Stundakennsla við Menntaskólann).
a. Fyrir „25000" kemur .................................. 27000
b. Við liðinn bætist aths.:
Af upphæð þessari má verja allt að 2000 kr. til stundakennara í námsgreinum þeim, er Guðm. Bárðarson kennir.

XI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 14. gr. B. IV. 8. (Gagnfræðaskólinn á Akureyri). Nýr liður:
Til byggingar lesstofu fyrir nemendur skólans og eldhúss fyrir heimavist hans .................................. 30000

XII. Frá *Ingibjörgu H. Bjarnason* og *Jónasi Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. XIX. Nýr liður:
Til Soffíu Stefánsdóttur, til þess að halda uppi námsskeiðum fyrir konur og karla í teikningu og tréskurði allt árið 1500
*Til vara* .................................. 1200

XIII. Frá *Ingvari Pálmasyni* og *Jóni Baldvinssyni.*
Við 14. gr. B. XXI. Nýr liður:
Til Unnar Jónsdóttur, utanfararstyrkur til þess að fullnuma sig í íþróttakennslu .................................. 1200

XIV. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*
Við 15. gr. 6. (Til kaupstaðarbókasafna). Nýr liður:

Handa bókasafni norðuramtsins á Akureyri, til byggingar yfir safnið, gegn jafnmiklu framlagi frá Akureyrarkaupstað ........ 35000

XV. Frá *Halldóri Steinssyni.*

Við 15. gr. 15. Nýr liður:

Til Árna Þórarinssonar, til ritstarfa ........ 1100

XVI. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Ingibjörgu H. Bjarnason.*

Við 15. gr. 15. Nýr liður:

Til Sigurðar Skúlasonar, til þess að halda áfram rannsóknum í menningarsögu þjóðarinnar ........ 700

XVII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 15. gr. 24. Nýr liður:

Til Sigurðar Skagfield, til lokanáms í sönglist ........ 1500

XVIII. Frá *Jóni Baldvinssyni* og *Birni Kristjánssyni.*

Við 15. gr. 24. Nýr liður:

Til Eggerts Stefánssonar söngvara, í eitt skipti fyrir öll 3000

XIX. Frá *Jóni Baldvinssyni.*

Við 15. gr. 25. Nýr liður:

Til Árna Kristjánssonar, til þess að fullnuma sig í píanóleik ........ 1600

XX. Frá *Jónasi Kristjánssyni.*

Við 15. gr. 26. Nýr liður:

Til Þórðar Kristleifssonar, utanfararstyrkur til söngfræði- og söngkennslunáms ........ 1000

XXI. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

1. Við 15. gr. 29. Nýr liður:

Til Finns Sigmundssonar, til þess að semja skrá yfir íslenzkar rímur og kanna sögu þeirra ........ 2000

*Til vara* ........ 1500

2. Við 15. gr. 30. Nýr liður:

Til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu, til þess að semja kennslubók í almennri skólasögu ........ 2000

*Til vara* ........ 1500

XXII. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 16. gr. 1. (Búnaðarfélag Íslands).

Aftan við liðinn bætist aths.:

Þar af 8000 krónur til Kvenfélagasambands Íslands.

XXIII. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

1. Við 16. gr. 9.

Orðin: „gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum“ falli burt.

2. Við 16. gr. 9. Nýr liður:

Framlag til taugakerfa í raforkuveitum til almenningsþarfa ........ 75000

XXIV. Frá *Guðmundi Ólafssyni.*

Við 16. gr. 40. Nýr liður:

Til Fiskiræktarfélagsins Blöndu, ⅓ rekstrarkostnaðar, allt að ........................................ 500

XXV. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 16. gr. 47. Liðurinn orðist þannig:

Til þess að gera laxastiga í Lagarfoss, ⅗ kostnaðar, allt að ........................................ 6000

XXVI. Frá *Jóni Jónssyni.*

Við 17. gr. 19.

Athugasemdin færist aftur fyrir 21. lið og í stað tölunnar „19“ komi talan: 21.

XXVII. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

Við 18. gr. II. g. 13. Nýr liður:

Til Unnar Benediktsdóttur skáldkonu .............. 1000

XXVIII. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 18. gr. II. i. 28. Nýr liður:

Til Sigríðar Narfadóttur ........................ 300

XXIX. Frá *Jóni Þorlákssyni* og *Birni Kristjánssyni.*

Við 18. gr. II. i. 60. Nýr liður:

Til C. A. Möllers fyrrv. símastöðvarstjóra ........ .. 400

XXX. Frá *Ingvari Pálmasyni.*

Við 22. gr. II. Nýr liður:

Að endurgreiða Jónasi Lárussyni 4000 krónur upp í kostnað við sýningu íslenzkra matvæla í Kaupmannahöfn 1926.

XXXI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 22. gr. IV. Nýir liðir:

a. Að fenginni reynslu, að kaupa 2 snjóbifreiðar, til flutninga á Holtavörðuheiði og Fagradal.
b. Að gefa Árneshreppi eftir ½ af 11650 kr. skuld hans við ríkissjóð.
c. Að gefa Grunnavíkurhreppi eftir af skuld hans við ríkissjóð kr. 262,50 og alla ógreidda vexti, gegn því að hreppurinn greiði eftirstöðvarnar, 3000 kr., með jöfnum afborgunum á næstu 12 árum.
d. Að gefa Gerðahreppi upp skuld hans við viðlagasjóð, að upphæð 37000 kr.

XXXII. Frá *fjármálaráðherra.*

Við 22. gr. IV. Nýr liður:

Að láta athuga og gera áætlun um endurbyggingu sjóvarnargarðs á Siglufirði og greiða síðan úr ríkissjóði helming kostnaðar við framkvæmd verksins, gegn jafnmiklu frá Siglufjarðarkaupstað.

XXXIII. Frá *dómsmálaráðherra.*

Við 22. gr. V. Nýr liður:

Að láta reisa vinnu- og hressingarhæli fyrir 30 berklaveika menn að Reykjum í Ölfusi, og taka til þess lán, allt að 50 þús. kr.

XXXIV. Frá *Jóni Þorlákssyni.*

Við 22. gr. VII. Nýr liður:

Að greiða víxilskuldir með áföllnum vöxtum vegna byggingar húss þess, er nú hefir verið tekið til afnota fyrir Vinnuhæli á Eyrarbakka, með allt að 8600 kr.

XXXV. Frá *Erlingi Friðjónssyni.*

Við 22. gr. IX. Nýr liður:

Að ganga í ábyrgð fyrir allt að 150 þús. kr. láni fyrir Samvinnufélag sjómanna á Akureyri til kaupa á fiskiskipum, enda nemi lánið eigi meiru en $4/5$ af kaupverði skipanna fullbúinna til fiskveiða, og greiðist að fullu á 10 árum. Lánið skal tryggt með gagnábyrgð Akureyrarkaupstaðar, fyrsta veðrétti í skipunum og sjálfskuldarábyrgð félagsmanna. Forstöðumaður félagsins og annar endurskoðandi skulu samþykktir af ríkisstjórninni. Taka verður lánið í innlendri lánsstofnun eða innanlands.

XXXVI. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 23. gr.

Síðasta málsgrein greinarinnar fellur burt.